

únnar Dynjandísar og annara fallvatna í Arnarfirði o. fl., undirskrifuð af konungi sama dag (48).

Lög um stofnun happdrættis fyrir Ísland, undirskrifuð af konungi sama dag (49).

Lög um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, undirskrifuð af konungi sama dag (50).

Lög um sölu á síld o. fl., undirskrifuð af konungi sama dag (51).

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrir huguðum nýjum banka í Reykjavík, undirskrifuð af konungi sama dag (52).

Lög um breytingar á og viðauka við lög nr. 7, 4. maí 1922 (Seðlaútgáfa), undirskrifuð af konungi sama dag (53).

Lög um vörutoll, undirskrifuð af konungi sama dag (54).

Lög um forkaupsrjett á jörðum, undirskrifuð af konungi sama dag (55).

Lög um notkun bifreiða, undirskrifuð af konungi sama dag (56).

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Dalasýslu, um flutning þingstaðar. **37** 3. maí

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi dags. 19. f. m., og beiðni hreppsnefndar Hörðudalshrepps, veitir ráðuneytið hjermeð samþykki sitt til þess, að þingstaður Hörðudalshrepps sje fluttur frá Blönduhlíð að Hamri, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja stað hús til þinghaldanna.

Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumanna og bæjarfógeta, um merki á dönskum smjörlikisilátum. **38** 4. júní

Ráðuneytið hefir í dag ritað stjórnarfulltrúa Íslands í Kaupmannahöfn á þessa leið:

„Eftir móttöku brjefs yðar, herra stjórnarfulltrúi, dags. 26. f. m., skal yður hjermeð tjáð, að ráðuneytið vill fallast á, að ekki þurfi að standa á dönskum smjörlikisilátum, sem hingað flytjast, orðið „útlent“, heldur nægi, að á þeim standi orðið „dansk“, og að yfirleitt sjeu hjer viðhafðar samsvarandi reglur í þessu efni og gilda í Danmörku.“

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður (bæjarfógeti), hjermeð.